

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. janúar 2022 í máli nr. 9/2022

Kæruneftndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 24. janúar 2022 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

II

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að ágreiningur málsins varði geðlæknþjónustu barns. Hafi barnið sótt þjónustu hjá læknum í nokkur ár þar til hann lét af störfum. Greiðslur fyrir hvern tíma hafi numið 2.500 krónum en nú hafi borist reikningur að fjárhæð 22.000 krónur. Ástæða reikningsins sé sú að barnið hafi átt tíma hjá læknum þann 3. nóvember 2021, sem það mætti ekki í. Móður barnsins bærust smáskilaboð daginn áður þar sem kom fram að tilkynna þyrfti forföll fyrir klukkan 12:00 þann dag. Móðirin hafi hins vegar ekki séð skilaboðin fyrr en klukkan 13:15 vegna anna og þá hafi hún sent læknum tölvupóst um forföll barnsins, auk þess sem hún hringdi í ritara læknisins og lét vita. Læknirinn hafi hins vegar ekki fallist á að fella niður reikninginn. Kveðst sóknaraðili tilbúin til að greiða komugjald til læknisins sem nemur 2.500 krónum en telur að læknirinn geti ekki krafist greiðslu að fjárhæð 22.000 krónur, enda hafi smáskilaboðin borist á vinnutíma og stuttu áður en frestur til að tilkynna um forföll var liðinn.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Samkvæmt a. lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 81/2019 gilda þau ekki um heilbrigðisþjónustu. Af því leiðir að kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa getur ekki tekið ágreining til meðferðar sem varðar þjónustu sem telst til heilbrigðisþjónustu í skilningi laganna. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laga nr. 81/2019 kemur fram að við túlkun hugtaksins heilbrigðisþjónustu skuli litið til skilgreiningu þess í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Hugtakið heilbrigðisþjónusta er þar skilgreint sem „[h]vers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkráhusþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem

veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.“

Varnaraðili veitir geðlæknþjónustu til barna og unglunga og varðar ágreiningur málsins því heilbrigðisþjónustu í skilningi a. liðar 2. mgr. 3. gr. laga nr. 81/2019. Gildissvið laganna nær ekki til heilbrigðisþjónustu óháð því hvort ágreiningur varði framkvæmd þjónustunnar eða aðra þætti hennar, líkt og greiðslufyrirkomulag eða skilmála.

Með vísan til framangreinds telur kærunefndin sér ekki annað fært en að vísa kvörtun sóknaraðila frá nefndinni.

V

Úrskurðarorð

Kvörtun X er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. c. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson